

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

7
26. jan.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur:

- Á Skólavörðustíg milli Bergstaðastrætis og Bankastrætis til norðvesturs.
- Í Bankastræti milli Skólavörðustígs og Ingólfsstrætis til vesturs.
- Á Klapparstíg milli Grettisgötu og Njálsgötu til suðurs.

2. Bifreiðastöður bannaðar:

- Á Laugavegi milli Skólavörðustígs og Traðarkotssunds.
- Á Klapparstíg milli Hverfisgötu og Laugavegar. Þó skulu haldast tvö bifreiðastæði næst gatnamótum Hverfisgötu.

3. Stöðumælar verði settir upp:

- Á Ingólfsstræti milli Bankastrætis og Amtmannsstígs.
- Á Skólavörðustíg sunnan megin götunnar milli Bankastrætis og Bergstaðastrætis.

4. Akstur á tveimur akreinum:

- Á Laugavegi milli Traðarkotssunds og Skólavörðustígs.
- Á Bankastræti.
- Á Klapparstíg milli Hverfisgötu og Laugavegar.
- Á Skólavörðustíg milli Bergstaðastrætis og Bankastrætis.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 26. janúar 1959.

Sigurjón Sigurðsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Húsavíkurkaupstað.

8
31. jan.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Húsavíkurhöfn tekur yfir Húsavíkina, austan línu sem hugsast dregin vestast úr Kaldbaksnefi í svonefndar Snásur á Húsavíkurhöfða.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarsjórn Húsavíkur hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins.